

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Áslaugarsjóð, styrktarstofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

1. gr.

Áslaugarsjóður, styrktarstofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988.

2. gr.

Heimilisfang stofnunarinnar er hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands í Reykjavík.

3. gr.

Stofnandi sjóðsins er dánarbú Áslaugar Skúladóttur, kt. 010824-3899. Stofnféð kr. 42.500.000 er fjárframlag úr dánarbúi Áslaugar og er sjóðurinn stofnaður fyrir andvirði íbúðar sem Áslaug ánaafnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2004.

4. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnanda hennar.

5. gr.

Markmið stofnunarinnar er að styðja við starf Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Í því skyni er stjórn stofnunarinnar m.a. heimilt að ráðstafa fjármunum til að styrkja tónleikaferðir hljómsveitarinnar til útlanda. Í sérstökum tilvikum er stjórninni heimilt að ráðstafa fjármunum til kaupa á kostnaðarsönum hljóðfærum fyrir hljómsveitina eða leggja fram fé til skilgreindra verkefna í fræðslustarfi hljómsveitarinnar. Stofnunin skal vera í nánu samstarfi við stjórn hljómsveitarinnar um styrkveitingar af þessu tagi.

6. gr.

Tekjur stofnunarinnar liggja aðallega í vöxtum og verðbótum af stofnfé, frjálsum framlögum og öðrum tengdum tekjuþáttum.

Stjórn stofnunarinnar er óheimilt að stofna til skulda eða taka lán í nafni sjóðsins.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur fulltrúum. Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands skipar einn stjórnarmann til tveggja ára og skal hann vera formaður. Stjórn starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands skipar einn stjórnarmann til tveggja ára. Framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands skal vera sjálfskipaður í stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal setja sér reglur um ráðstöfun fjár úr sjóðnum.

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundur telst einungis lögmætur þegar allir stjórnarmenn sækja fund.

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar ber ábyrgð á vörlu sjóðsins. Stjórnin skal ávallt kappkosta að geyma sjóðinn á tryggan hátt án mikillar áhættu.

Daglegur rekstur sjóðsins er í höndum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

9. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda.

Nr. 491

8. maí 2014

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikningsárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

12. gr.

Stofnskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki stjórnar sjóðsins.

Til þess að sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal borið undir sýslumanninn á Sauðárkróki.

Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hrein eign hennar afhent óskert til Sinfóniuhljómsveitar Íslands og fjármunum varið til markmiða sem greint er frá í 5. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

13. gr.

Stofnskrá þessi var samþykkt af stjórn Sinfóniuhljómsveitar Íslands á fundi hennar hinn 21. mars 2014 og staðfestist af sýslumanninum á Sauðárkróki.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 8. maí 2014,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2014